

Nefndasvið Alþingis  
Umhverfisnefnd  
Alþingi v/Austurvöll  
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 05. maí 2011  
2011040022/42-1-1  
TB  
jgo/tb

**Frumvarp til laga um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála (heildarlög), 709. mál.**

Vísað er í til tölvupósts/bréfs frá umhverfisnefnd Alþingis, dags. 15. apríl sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Ísland um frumvarp til laga um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála (heildarlög), 709. mál.

*Um 2. gr.*

Náttúrufræðistofnun Íslands bendir á og gerir alvarlegar athugasemdir við skipan úrskurðarnefndarinnar en svo virðist sem að sérstök áhersla sé lögð lögfræði (2 af 7) og fyrri úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála (2 af 7). Þeir sem koma nýir inn í nefndina vegna breiðari starfssviðs hennar eru fulltrúar ákveðinna ráðuneyta, fiskifræði/veiðimál og orkumál/jarðvísindi (2 af 7) og því erfitt að sjá hvort viðbótin er í samræmi við tilgang Árórsarsamningsins eða hvort hér sé um ákveðna hagsmunagæslu að ræða. Að lokum er allri annarri náttúrufræði sópað saman í það sem kallað er umhverfismál (1 af 7) sem getur verið mjög víðfemt málefni þ.m.t. skipulags- og byggingarmál, jarðvísindi og fiskifræði og veiðimál sem eru þegar til staðar í nefndinni. Ekki er nokkur leið að henda reiður á hvaða þekkingu þessi tiltekni einstaklingur á að hafa um umhverfismál. Til dæmis er ekki gert ráð fyrir vistfræðingi eða líffræðingi en hins vegar hafa fiskifræði og jarðvísindi einhverra hluta vegna hærri stöðu sem erfitt er að skilja þó hér megi vissulega sjá tengslin við nýtingaráherslur hvað varðar fiskveiðar og orku. Hvaðan kemur sérstök hæfni úrskurðarnefndarinnar til að fjalla sérstaklega einmitt um þau málefni sem koma ný inn í nefndina t.d. náttúruvernd og sjálfbær nýting í viðum skilningi. Hvar eru fulltrúar frjálsra félagasamtaka á sviði náttúruverndar, hvar eru fulltrúar almennings? Til að skera úr um deilumál t.d. á sviði náttúruverndar og umhverfismála þá má segja að í nefndinni sé enginn fulltrúi þess þáttar sem vegur mest í náttúrunni þ.e. lífríkisins.

Í athugasemdum með frumvarpinu er sýnd tafla yfir fjölda kærumála. Þar eru skipulagsmál mjög áberandi. Þetta segir ekki aðra sögu en þá sem er eðlileg að skipulagsmál séu kærð oftast en önnur mál þar sem þau eru vel flest í þéttbýli og varða allar tegundir af deilum stórar sem smáar jafnt nágrannadeilur sem deilur um stór umhverfis- og félagsmál t.d. skólamál. Stærstu kærumálin hafa hins vegar á undanförunum árum verið á sviði umhverfis- og náttúruverndar tengt ákveðnum framkvæmdum eða nýtingu, mat á umhverfisáhrifum, og því spurning hvort



steypa eigi þessu öllu saman í eina nefnd. Vel má spyrja hvort nefndinni sé ekki einfaldlega ætlað of mikið og ólíkt hlutverk en afgreiðsluhraði t.d. úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála hefur ekki verið mikill á undaförnum árum þó kannski hafi hægst um þau störf vegna minni umsvifa í þjóðfélaginu. En bæði er að umsvif geta aukist í framtíðinni og t.d. skipulags- og byggingarmál í þéttbýli eru mjög ólík t.d. málefnum sem geta komið upp á friðlýstum svæðum þ.m.t. þjóðgörðum eða málum sem geta haft áhrif á vistkerfi eða viðkomu lífandi auðlinda, dýrastofna eða gróðurs, svo eitthvað sé nefnt.


*Um 4. gr.*

Í samræmi við umsögn stofnunarinnar um frumvarp til laga um fullgildingu Árósasamningsins (breyting ýmissa laga), 708. mál, leggur stofnunin jafnframt til að við 3. mgr. 4. gr. laganna verði bætt við stjórnvaldsákvörðunum sem varða 38. gr. og 41. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999 þ.e. ákvarðanir er varða friðlýst svæði þ.m.t. þjóðagarða og þjóðgarða og friðlýst svæði samkvæmt sérlögum þ.e. Vatnajökulspjóðgarð, Þingvallahjóðgarð og Breiðafjörð svo og lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson  
forstjóri



Trausti Baldursson

